

LDV

Um helgina

Philippe Cazal á Kjarvalsstöðum:

Annars vegar – hins vegar

Á Kjarvalsstöðum verður á morgun, laugardaginn 31. ágúst, opnuð sýning á verkum eftir franska listamanninn Philippe Cazal sem ber yfirskriftina Annars vegar – hins vegar.

Annars vegar er hann vissulega listamaður sem ástundar óheiðarlega samkeppni við safnstjóra með því að setja sjálfur upp sýningar og semja sýningarskrár. Árið 1989 notaði hann tímarit sitt, Public, með aðstoð Nadine Descendre til að kynna *Il n'y a pas d'art français*, une exposition dans une revue (Það er ekkert til sem heitir „frönsk list“, sýning í tímariti). Svo að það er á vissan hátt ógrandi að bjóða honum að halda sýningu. Viðfangsefni hans eru listamenn og listaheimurinn – og það samansafn af kenjum og klisjum sem þar er að finna. 1985 lét hann gera áritun sína að vörumerki og tók upp slagorðið *L'artiste dans son milieu* (Listamaðurinn í umhverfi sínu). Ljósmyndir og áritanir listamannsins draga áhorfandann inn í heim listarinnar og bjóða honum að upp-



Franski listamaðurinn Philippe Cazal sýnir nú verk sín í vestursal Kjarvalsstaða.

DV-mynd JAK

götva þennan heim á sama hátt og auglýsingastofa myndi kynna nýja vöru. Það dulmál sem Philippe Cazal leysir úr, greinir og setur á svið er listaverkið og hin listræna reynsla sem slík.

Hins vegar eru verk og viðhorf Philippe Cazal hluti af ákveðnum kafla í sögu lista og forma. Með því að gera auglýsingatæknina að viðfangsefni sínu getur hann þróað greiningu sína á ímyndinni mjög mikið. Líkt og máleri hefðbundinna málverka lætur hann ekkert í uppbyggingu verka sinna vera háð tilviljun – hvorki lýsingu, búainga, fyrirsætur, stellingar né texta. Þó að allt virðist fullkomlega eðlilegt eru verk hans í raun fast njörvuð niður. Þessi aðferð frá hendi samtímalistamannsins er í fullkomnu samræmi við hina miklu hefð málralistarinnar og gerir umræðu um hana samhlíða eldri list mögulega.

Sýning Philippe Cazal, sem er í vestursal Kjarvalsstaða, stendur fram til 6. október og er opin daglega frá klukkan 10–18.

Landssamtök hjartasjúklinga:

Hjartagangan 1991

Landssamtök hjartasjúklinga standa fyrir Hjartagöngunni 1991 á morgun, laugardag. Þar sem eitt meginmarkmið samtakanna er að auka skilning og þekkingu á fyrirbyggjandi starfsemi varðandi hjarta-

sjúkdóma er stefnt að fjöldabátttöku fólks á öllum aldri með mismunandi þrek og getu. Hjartagangan 1991 hefur því tvíþættu hlutverki að gegna. Í fyrsta lagi undirstrikar hún nauðsyn útivistar og hreyfingar fyrir þá


sem vilja varðveita heilsu sína sem lengst og í öðru lagi vilja samtökin vekja athygli á starfi sínu og happdrætti.

Það verður gengið víða um land og búið er að ákveða gönguleiðir á 15 stöðum utan höfuðborgarsvæðisins og búið er við að þátttökutilkynningar eigi eftir að berast frá um 12 stöðum til viðbótar.


Í Reykjavík verður gengið um Elliðaárdal og lagt upp frá Mjódd, nálægt skiptistöð SVR, milli klukkan 14 og 16. Hægt er að velja um að minnsta kosti þrjár mismunandi langar gönguleiðir og fá allir þátttakendur merki hjartagöngunnar í lokin.

Til að allir landsmenn geti tekið þátt í Hjartagöngunni 1991 eru þeir sem búa fjarri skipulögðum göngustöðum hvattir til að taka sig saman og ganga þennan dag 2–4 kílómetra í smáum eða stórum hópum. Þeir geta síðan sent bréf til Landssamtaka hjartasjúklinga með upplýsingar um gönguna og fjölda þátttakenda og fá þá send merki göngunnar.

Ágóðanum af sölu happdrættisins verður varið til kaupa á nýjustu gerð af hjartaómsjá fyrir Landspítalann.



Á þessu korti má sjá þær gönguleiðir sem í boði eru fyrir þátttakendur í Reykjavík. Gengið verður í Elliðaárdalnum og hægt er að velja um þrjár mismunandi gönguleiðir.



Andreas Schmidt syngur á ljóðatónleikum í Gamla bíói um helgina.

Íslenska óperan:

Schumann- ljóðatónleikar

Tvennir ljóðatónleikar verða haldnir í Gamla bíói um helgina með ljóðasöngvum eftir Robert Schumann. Hinn heimskunni ljóða- og óperusöngvari, Andreas Schmidt frá Þýskalandi, og hollenski pianóleikarinn Rudolf Jansen flytja tvær efnisskrár valinna ljóða og ljóðaflokka. Tónleikarnir verða laugardaginn 31. ágúst og sunnudaginn 1. september og hefjast klukkan 17 báða dagana.

Andreas Schmidt er Íslendingum að góðu kunnur. Hann hefur komið fram á mörgum tónleikum hérlandis, allt frá 1982 en þá stóð hann við upphaf glæsilegs söngferils sem leitt hefur hann í fremstu óperuhús og tónleikasali í Evrópu og Ameríku. Hvarvetna hefur söngur hans hlotið ó-

spart lof, ekki síst ljóðasöngurinn. Nokkrir hljómdiskar með ljóðasöng Andreasar hafa komið út og fleiri eru væntanlegir. Síðustu ljóðatónleikar Andreasar Schmidt á Íslandi voru fyrir 4 árum er hann flutti á þremur kvöldum alla stóru ljóðaflokka Schuberts í Gamla bíói.

Rudolf Jansen hefur verið fastur meðleikari Andreasar síðustu misserin. Hann hefur getið sér gott orð sem undirleikari, meðal annars í samstarfi við sópransöngkonuna Elly Ameling.

Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Styrktarfélag Íslensku óperunnar. Forsala aðgöngumiða er hjá Bókaverslun Lárusar Blöndal.

Birgir Andrésson á Kjarvalsstöðum:

Nálægð – ímyndir – litir – fólk

Birgir Andrésson opnar sýningu að Kjarvalsstöðum á morgun, laugardaginn 31. ágúst, klukkan 16.00. Sýninguna nefnir hann Nálægð. Hér er um að ræða þá nálægð sem

við er að glíma í íslensku samfélagi, menningu og fylgifyskum hennar.

Sýningin skiptist í tvö meginþemu. Annað fjallar um fólk en

hitt um liti og ímyndir.

Sýningunni lýkur sunnudaginn 15. september.